



# ALLiES eGuide

## Annar hluti vinnufunda

---

### Annar hluti vinnufunda

Foreldrar og kennarar tóku líka þátt í síðari vinnufundum og börnum var einnig boðið að vera með. Samskipti voru megin viðfangsefni fundanna og á síðasta fundi var spurningalisti til foreldra og barna skipulagður.

### Fyrsti vinnufundur

- Kynning á viðfangsefni fundanna.
- Verkefni til að kynna: Fólk segir til nafns, hæð, aldur, sumarleyfisdögum, bara einhverju sem gefur til kynna hversu ólík við erum þetta viðfangsefni hjálpaði okkur að tala um gildi, skoðanir, kyn og hlutverk..

### Annar vinnufundur

- Fyrirlestur um málefni sem tengist viðfangsefninu til dæmis kynjafræði sem upphafspunktur umræðna.
- Kynning á „tungumáli taksins“. Um er að ræða orðlaus samskipti sem byggjast á tjáningu með hjóðum. Þátttakendum er skipt í pör og eiga að „tala“ saman með því að klappa saman höndum, stappa, smella fingrum og búa til hvers kyns hjóð. Allir leggja eitthvað til og saman verður til sameiginlegur taktur þátttakenda.
- Umræður um ólík samskipti, í orðum, orðlaus, með líkamstjáningu, raddhæð og fleira. Gerðar tilraunir og æfingar með mismunandi form samskipta.

### Þriðji vinnufundur

- Á þennan fund mæta börn, foreldrar og kennarar og vinna saman.
- Fyrsta klukkutímann er unnið sitt í hvoru lagi, foreldrar og kennarar í einu rými og börnin öðru.
- Með börnum er áhersla lögð á tilfinningar, leikið með þær og reynt að greina þær. Hvernig líður mér þegar ég er glöð/glaður, kát/ur, hrædd/ur? Hvaða tilfinningar er auðvelt að greina og hverjar er erfiðara að skilgreina. Börnin teikna mynd af sjálfum sér í aðstæðum þar sem þeim leið vel eða illa með foreldrum sínum.
- Á meðan skrifa foreldrar og kennarar á lýsingu á aðstæðum þar sem þeim leið vel með börnunum (sem fjölskyldu eða í kennslu) og lýsingu á aðstæðum þar sem þeim leið vel eða illa með foreldrum sínum í æsku. Þessi atvik eru svo rædd innan hópsins.
- Að þessu loknu eru börn, foreldrar og kennarar saman. Hvert barn gefur sínu foreldri myndina og útskýrir hana. Kennararnir fylgjast vel með. Eftir að hafa hlýtt á frásagnir barnanna endursegja foreldrar frásögnina með áherslu á að fylgja frásögn barnanna af nákvæmni.



### Fjórði vinnufundur

- Í upphafi fundar segja foreldrar og kennarar frá því hverju þeir hafa tekið eftir frá síðasta fundi varðandi samskipti barna, foreldra og kennara
- Áfram er unnið með virka hlustun með endursögn. Virk hlustun þýðir að þú getur sýnt viðkomandi að þú hafir skilið hvað hún/hann sagði með framkomu og hegðun.
- Foreldrum er kynntur spurningalisti fyrir foreldra og afhentur til útfyllingar heima fyrir.

### Fimmti vinnufundur

- Í upphafi fundar er rætt í smærri hópum um spurningalista fyrir foreldra. Hvernig gekk, hvernig leið börnunum, hvernig leið hinum fullorðna. Kennarar ræða hvort og hvernig niðurstöðurnar geta haft áhrif á skólasterfið.
- Umræður þar sem ræddir eru styrkleikarnir og veikleikarnir sem fram komu í umræðunum við börnin. Hugsanlega setja einhverjir foreldranna upp lítinn leikþátt byggða á samskiptum sem börnin lýstu. Aðrir foreldrar foreldrar leggja fram tillögur til úrlausnar.
- Setið er í hring og þátttakendur kasta garnhnykli á milli sín. Sá sem grípur boltann segir frá jákvæðum hliðum sínum í samskiptum og kastar boltanum áfram. Þegar allir hafa gripið boltann er orðið myndarlegt net milli þátttakenda sem endurspeglar flókin samskipti og tengsl milli fólks.